

METFORMIN (GLUCOPHAGE®) Á MEÐGÖNGU

Konur með fjölblöðruheilkenni eða sykursýki af týpu 2 eru oft á Glucophage (metformin) þegar þær verða þungaðar. Þeim er óhætt að halda meðferðinni áfram alla meðgönguna. Konur sem greinast með meðgöngusykursýki þurfa sumar á metformin meðferð að halda. Metformin meðferð er talin halda blóðsykri í skefjum og minnka líkur á fósturláti hjá þessum hópi kvenna.

Ýmsar rannsóknir eru í gangi til að meta áhrif metformins á meðgöngu. Þær hafa meðal annars sýnt fram á minni þyngdaraukningu hjá þeim konum sem eru með fjölblöðruheilkenni eða sykursýki af týpu 2 og eru á metformin. Einnig hefur verið sýnt fram á að metformin dragi úr líkum á háþrýstingi hjá þessum konum, óhóflegum fósturvexti og blóðsykurfalli hjá barni strax eftir fæðingu. Metformin fer yfir fylgjuna en ekki hefur verið sýnt fram á óæskileg áhrif á fóstur. Þó benda nýjustu rannsóknir til aukinnar húðfitu hjá börnum sem hafa fengið metformin á meðgöngu, en frekari rannsókna er þörf.

Þær konur sem fara í sykurpolspróf á meðgöngunni ættu að sleppa því að taka lyfið daginn sem prófið er gert.

MÆÐRAVERND ÞRÓUNARSVIÐS HH, ENDURSKOÐAÐ MAÍ 2018

Hanna Lilja Oddgeirsdóttir, sérnámslæknir.